


## Samkomulag

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og samninganefnd Læknafélags Reykjavíkur (LR) gera með sér svohljóðandi samkomulag um breytingu á samningi frá 21. desember 2004, um lækningar utan sjúkrahúsa fyrir sjúkratryggða, með síðari breytingum og viðauka:


1. Breyting á einingaverði skv. 14. gr. samningsins frá 21. desember 2004, sbr. 13. og 14. gr. samkomulags frá 29. mars 2008, sbr. samkomulag frá 25. september 2008, sem taka átti gildi 1. apríl 2009 frestast um tvo mánuði. Frá 1. apríl 2009 til 31. maí 2009 verður einingaverð því áfram kr. 266,00 og frá 1. júní 2009 kr. 290,00. Við bætast fjórar til sex kr. eftir atvikum vegna skila á reikningum til SÍ á rafrænu formi, sbr. 2. mgr. 1. gr. samkomulagsins frá 25. september 2008.
2. Frá 1. október 2008 tóku Sjúkratryggingar Íslands við réttindum og skyldum Tryggingastofnunar ríkisins hvað varðar sjúkra- og slysatryggingar í samræmi við lög nr. 112/2008.
3. Að öðru leyti framlengist gildandi samningur frá 21. desember 2004 með síðari breytingum og viðauka, um lækningar utan sjúkrahúsa fyrir sjúkratryggða frá og með 1. apríl 2010 til og með 31. maí 2010. Laga- og reglugerðatilvitnanir breytast eftir því sem ný og breytt lög og reglugerðir gefa tilefni til.

Reykjavík, 25. mars 2009

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

  
Sigrún A. Gunnar  
Frjálförðing Ólafsson  
Kristján Þorjónsson  
Ólafur Gunnarsson

F.h. Læknafélags Reykjavíkur  
með fyrirvara um samþykki félagsfundar

  
Knutur  
Brynhildur Þorvaldsson  
Guðmundur Pálsson  
Stefnir Guðmundsson  
Björg Sveinsson  
Dórus Tunga

Bókanir:

1. Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 4. gr. samningsins frá 21. desember 2004, sbr. 8. gr. samkomulags frá 29. mars 2008 skal einungis eitt heildaruppgjör á afslætti fara fram í júní – júlí 2009 fyrir tímabilið 1. apríl 2008 – 31. mars 2009.
2. Samningsaðilar munu nota tímann frá 1. apríl – 31. maí 2009 til frekari endurskoðunar á samningnum og til skilgreiningar á rekstrarumhverfi sjálfstæðrar starfsemi sérgreinalækna með hliðsjón af stefnu stjórnvalda.

S.A.